

LÖG

um

17

14. júní

rannsóknir í þarfir atvinnuveganna.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja á stofn rannsóknar- og tilraunastofu í þarfir atvinnuveganna, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

2. gr.

Stofan skal starfa á svo fullkominn vísindalegan hátt sem auðið er, og skal verkefni hennar vera:

1. að reyna að finna orsakir þeirra sjúkdóma, sem mestu tjóni valda á búfé landsmanna, svo sem bráðapestar, lungnaormaveiki, Hvanneyrarveiki, fjöruskjögurs o. fl., og reyna að finna aðferðir til að lækna þessa sjúkdóma og afstýra þeim.
2. rannsókn fódurefna og fjörvirannsóknir (vitamína) í lýsi og öðrum fódurvörum og matvælum.
3. rannsókn verkunarskemmda í kjöti, fiski og öðrum land- og sjávarafurðum.
4. rannsókn þaragróðurs og jurta með tilliti til fódurgildis, sem og jurtasjúkdóma.
5. aðrar rannsóknir, sem atvinnumálaráðuneytið óskar.

Haga skal allri starfsemi stofnunarinnar eftir fyrirmælum atvinnumálaráðuneytisins.

Eftir því sem við verður komið, skal rannsóknarstofan inna af hendi rannsóknir fyrir stjórn Búnaðarfélags Íslands og stjórn Fiskifélags Íslands.

3. gr.

Dýralæknum, sem eru í þjónustu ríkisins, starfsmönnum Búnaðarfélags Íslands og Fiskifélagsins og skólastjórum og kennurum búnaðarskólanna skal skylt að láta stofunni aðstoð sína í té, hverjum á sínu sviði, eftir því sem atvinnumálaráðherra telur nauðsynlegt, gegn

- 17 þeirri þóknun, sem ákveðin er í lögum eða í reglugerð, sem atvinnu-
14. júní málaráðherra getur sett um þetta efni.

Sömu leiðis skal efnarannsóknarstofu ríkisins og rannsóknarstofu háskólans skylt að inna af hendi fyrir stofuna þau störf, sem þessar stofnanir hafa tæki til, en hún ekki, en annars kveður atvinnumálaráðherra á í samráði við læknadeild háskólans, hversu sambandi þessara stofnana allra megi koma haganlegast fyrir.

4. gr.

Atvinnumálaráðherra getur í samráði við forstöðumann rannsóknarstofunnar falið dýralæknum og skólastjórum búnaðarskólanna með samningi að gera tilraunir á búfé, með því markmiði, sem stofan starfar að, og enn fremur getur atvinnumálaráðherra látið fram fara tilraunir á peningi bóva, sem rekin eru fyrir reikning ríkissjóðs.

5. gr.

Atvinnumálaráðherra ræður stofunni forstöðumann, sem hafi nægilega vísindalega menntun til starfans, og fær honum nauðsynlega aðstoð. Laun forstöðumanns rannsóknarstofunnar skulu ekki vera hærri en laun prófessora háskólans.

Stofan skal búin þeim áhöldum og henni fengið það húsnæði, sem þarf til þess að hún geti rækt starf sitt með sem bestum árangri.

6. gr.

Allur kostnaður við stofnun og rekstur stofunnar skal greiddur úr ríkissjóði, og skal í fjárlögum ákveða laun starfsmanna og nægilegt fé til annars rekstrarkostnaðar.

7. gr.

Greitt skal fyrir starf, er stofan innir af hendi fyrir einstaka menn og atvinnufyrirtæki, samkv. gjaldskrá, sem atvinnumálaráðherra setur, að fengnum tillögum forstöðumanns.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.